

**Sp.**

## **40. Tillaga til þingsályktunar**

**[40. mál]**

um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns.

Flm.: Kristján Thorlacius, Einar Ágústsson, Bjarni Guðbjörnsson, Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns, með sérstakri hliðsjón af löggjöf á Norðurlöndum um embætti „ombudsmands“.

Hverjum þingflokki skal gefinn kostur á að tilnefna einn mann í nefndina. Hinn fimmti skal tilnefndur af hæstarétti, og sé hann formaður.

### **Greinargerð.**

Tillaga þessi var flutt á Alþingi á árunum 1964, 1965 og 1966, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Þingsályktunartillaga þessi fjallar um nefndarskipun til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns með sérstakri hliðsjón af löggjöf Norðurlanda um störf „ombudsmands“.

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið komið á fót embættum, sem hafa því hlutverki að gegna að tryggja, að einstaklingar í þjóðfélaginu séu ekki beittir órétti eða valdmiðslu. Embættismaður þessi hefur hjá nágrannarþjóðum okkar verið nefndur „ombudsmand“.

Í tillögu þessari er lagt til, að hliðstæður íslenskur embættismaður beri hið forna heiti lögsögumaður. Þykir fara vel á því, þar sem eitt af verkefnum hans yrði að leiðbeina mönnum um, hvað væru lög, en einmitt því hlutverki gegndi lögsögumaðurinn að fornu, þótt með öðrum hætti væri.

Svíar hafa lengsta reynslu af starfi „ombudsmands“ síns, en þar í landi var slíkt embætti stofnað árið 1809 og hefur verið rækt síðan. Annars staðar á Norðurlöndum er þessi starfsemi miklu yngri. Norsk löggjöf um þetta efni var sett á árinu 1962.

Hér á landi hefur á síðari áratugum orðið ör þróun í þá átt, að ríkisvaldið og bæjaryfirvöld hafi æ meiri afskipti af málum, er snerta daglegt líf einstaklinganna. Og þótt allir eigi að vera jafnir fyrir lögnum, vill út af því bregða.

Tilgangurinn með stofnun embættis lögsögumanns á að vera sá að auka möguleika þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi réttlátlega yfir alla. Er þá jöfnum höndum átt við þau hlunnindi, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, og þær kvaðir, sem á þá eru lagðar, sem og meðferð refsímála og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Löggjöf Norðurlanda um þetta efni er nokkuð sitt með hverjum hætti, og í okkar fámenna þjóðfélagi eru aðstæður á ýmsan hátt aðrar en hjá fjölmennari þjóðum. Þess vegna hlýtur löggjöf um lögsögumenn að verða í ýmsu frábrugðin hliðstæðri löggjöf annarra Norðurlandþjóða í þessu efni.

Lagt er til, að nefnd manna úr öllum þingflokkum sé falið að annast undirbúning löggjafar þessarar, og sýnist eðlilegt, að hæstiréttur eigi þar einnig hlut að máli og tilnefni formann nefndarinnar.“

Síðan þessi tillaga var fyrst flutt á Alþingi, hefur verið samþykkt löggjöf um þetta efni í Nýja Sjálandi og Bretlandi, til viðbótar þeim löndum, sem að framan eru nefnd.

Nokkrir hafa látið í ljós, að heitið „lögsögumaður“ sé ekki heppilegt í þessu sambandi, og er sjálfsgagt að taka fram, að flutningsmenn telja heiti þessa starfsmanns ekkert aðalatriði, heldur verkefni þau, sem honum eru ætluð, og eru reiðubúnir til samkomulags um annað starfsheiti, ef menn telja það hentuga.